



Tímamót í menntamálum

Þann 29. maí voru ný lög um þrjú skólastig, leik-, grunn- og framhaldsskóla, ásamt lögum menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda samþykkt á Alþingi. Í lögunum birtist heilstæð stefnumörkun um menntun íslenskra barna og unglinga allt frá leikskóla að háskóla. Nýju lögini verða innan skamms aðgengileg á vefsíðunni: nymenntastefna.is

Þegar er hafin vinna hjá landssamtökunum við að skoða hvað breytingin hefur í för með sér varðandi samstarf heimila og skóla. Gert er ráð fyrir mun meiri aðkomu foreldra og nemenda að skólastarfinu á öllum skólastigunum. Það skiptir miklu máli að vel sé staðið að kynningu laganna og Heimili og skóli munu ekki láta sitt eftir liggja í þeim efnum.



Heilsa og líf skjör skólanema (HBSC)

Háskólinn á Akureyri kynnti í vikunni niðurstöður úr alþjóðlegri könnun sem gerð hefur verið á heilsu og líf skjörum skólabarna á Vesturlöndum. Ríflega 200 þúsund nemendur tóku þátt en niðurstöðurnar sýna að íslensk skólabörn verða snemma sjálfstæð og þeim líður vel í skólanum en slysatíðnin er há.

Ánægjulegt er að sjá að íslenskum nemendum virðist líða hvað best í skólanum. Það er líka mjög ánægjulegt að sjá hversu hátt hlutfall 11 og 13 ára barnanna í rannsókninni segjast eiga góð samskipti við foreldra sína. Þóroddur Bjarnason prófessor við Háskólann á Akureyri segir að aðstæður hér á Íslandi séu öðruvísi en annars staðar á Vesturlöndum. Niðurstöðurnar sýna t.d. að vinnuhópurinn og skólinn skipta íslensk börn miklu máli og helst það í hendur við hversu snemma þau slíta tengslunum við foreldrana. HBSC rannsóknin sýnir að íslensk ungmenni verða fyrr sjálfstæðir einstaklingar en flestir jafnaldrar

þeirra á Vesturlöndum sem bæði felur í sér tækifæri fyrir þau en einnig umtalsverða áhættu.

Heimili og skóli minnir því á að á sumrin fá foreldrar aukin sóknarfæri til að auðga fjölskyldulífið með ánægjulegum samverustundum með börnum sínum og nú er lag fyrir okkur foreldrana að sýna umhyggju í verki og njóta samvista við börnin okkar. Í því geta falist aukin lífsgæði fyrir alla fjölskylduna.



Menntaþing 12. september

Menntamálaráðherra mun efna til Menntaþings föstudaginn 12. september 2008. Kynningar og umræður á þinginu munu höfða til kennara, nemenda, skólastjórnenda og foreldra. Markmið með Menntaþinginu er að skapa vettvang til þess að fjalla um nýja menntastefnu og hvernig henni verður hrundið í framkvæmd með innleiðingu laganna og nýjum námskrám. Dagskrá þingsins verður kynnt síðar.



Eru mannabreytingar í stjórn foreldrafélagsins eða foreldraráðsins?

Við minnum á mikilvægi þess að senda okkur upplýsingar um þær breytingar sem verða á formönnum foreldrafélaga og foreldraráða svo hægt sé að uppfæra póstlista svo tryggt sé að áriðandi tilkynningar sem verða foreldrasamstarfið komist til skila. Vinsamlega sendið okkur upplýsingar um nýjar stjórnir á netfangið:

heimiliogskoli@heimiliogskoli.is